

Miðvikudaginn 15. maí 1996.

Nr. 173/1996.

Gísli Örn Lárusson

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Försäkringsaktiebolaget Skandia-Nord

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. apríl 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 8. maí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. apríl 1996, þar sem tekin var til greina beiðni varnaraðila um, að dómkvaddir yrðu menn til að meta nánar tilgreind atriði undir rekstri máls hans á hendur sóknaraðila. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og varnaraðili dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Beiðni varnaraðila um dómkvaðningu lýtur að því að fá mat á atriðum, sem kröfur hans í máli gegn sóknaraðila taka til. Að gættum lögákveðnum takmörkunum hefur varnaraðili forræði á, hverra gagna hann aflar til stuðnings kröfum sínum, sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991, en réttmæti þeirra er ekki til skoðunar á þessu stigi málsins. Þau atriði, sem hann leitar mats á, eru ekki slík, að ákvæði 3. mgr. 46. gr. eða IX. kafla sömu laga geti staðið umbeðinni dómkvaðningu í vegi. Eru því ekki efni til annars en hún nái fram að ganga.

Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur. Verður sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Gísli Örn Lárusson, greiði varnaraðila, Försäkringsaktiebolaget Skandia-Nord, 100.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. apríl 1996.

Fallast má á það með stefnda, að málatilbúnaður stefnanda feli í sér skriflegan málflutning, bæði í stefnu og hvað varðar ýmis fram lögð skjöl. Samræmist málatilbúnaður þessi ekki fyrir mælum e-liðar 80. gr. I. nr. 91/1991. Hins vegar verður ekki talið, að ágallar þessir á málatilbúnaði stefnanda séu þess eðlis, að þeir einir sér leiði til frávísunar málsins, þegar litið er til sérstöðu og umfangs þeirra viðskipta aðila, sem mál þetta er sprottið af.

Aðalkrafa stefnanda, merkt 1.1., 1.2.

Samkvæmt símbréfi, dags. 23. mars 1995, sem hefur ekki verið mótmælt, að borist hafi hinum sænska lögmanni stefnda, Erik Selander hjá lögfræðifirmanu Lindahl, var greiðsla stefnanda á málskostnaði, sem innt var af hendi 24. sama mánaðar til sama aðila, greidd með þeim fyrirvara, að ekki væri með greiðslunni fallið frá því að gera þær ráðstafanir, sem gerðardómurinn gæfi tilefni til. Samkvæmt umboðum, dags. 25. janúar 1995 og 28. febrúar s. á., hafði lögmaðurinn Erik Selander umboð stefnda til að koma fram fyrir hans hönd í öllum málum um uppgjör gerðardómsins. Fyrirvara stefnanda var því réttilega að honum beint.

Í lögum nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma er ekki kveðið á um sérstakan málshöfðunarfrest til ógildingar gerðardómi. Þá er ekki fallist á, að lögjafnað verði samkvæmt ákvæðum 153. gr. I. nr. 91/1991 um málshöfðunarfrest. Koma því hér einungis til álita tómlætissjónarmið.

Frá uppkvaðningu gerðardóms 20. janúar 1995 og þar til stefnandi innti af hendi greiðslu sína með fyrirvara 24. mars s. á., liggur fyrir, að aðilar áttu í samningaviðræðum og bréfaskriftum um uppgjör samkvæmt dóminum. Eftir að greiðslan var innt af hendi, leið liðlega hálfur annar mánuður, þar til mál var höfðað til ógildingar dóminum. Er því ekki fallist á, að stefnandi hafi sýnt af sér tómlæti.

Aðalkrafa, merkt 1.3.

Með því að úrlausn þessarar kröfu veltur á úrlausn fyrstu aðalkröfu stefnanda, eins og kröfugerð hans er fram sett, verður henni ekki vísað frá dómi að svo komnu.

Varakröfur stefnanda, merktar 2.1. og 2.2.

Varakröfur stefnanda eiga rót í samningi aðila frá 29. desember 1992, sem ógiltur var með umdeildum gerðardómi, og lúta þær að uppgjöri milli aðila vegna ógildingar samningsins. Með því að sá samningur er ekki í gildi, verður varakröfum stefnanda ekki vísað frá dómi með stoð í gerðardóms-ákvæði samningsins.

Ekki verður séð, að uppgjörskröfur þessar eigi rót í þeim samningi aðila, sem nú er í gildi, þ. e. samningi frá 26. júní 1991, og verður gerðardóms-ákvæði þess samnings því ekki beitt.

Frávísunarkröfu varakrafna er því hafnað að svo komnu.

Eftir atvikum þykir rétt, að ákvörðun málskostnaðar bíði efnisdóms.

Úrskurðinn kváðu upp Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari, Eggert Óskarsson héraðsdómari og Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum stefnanda um frávísun málsins í heild eða að hluta er hafnað.

Málskostnaður bíður efnisdóms.
